

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. febrúar 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

3. tl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Nafn seljanda, kaupanda og viðtakanda afla.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Jafnframt skal ökumaður gefa vigtarmanni upplýsingar um viðtakanda afla.

3. gr.

Á eftir orðunum: „fyrst vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn“ í 2. mgr. 38. gr. komi: eða berist endurvigtunarnóta frá öðrum aðila en þeim sem tilgreindur var sem viðtakandi aflans við vigtun á hafnarvog.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 179

14. febrúar 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Leirdalur, Hvammsgata, Hvammsdalur og Brekkugata.

Hafnargata, Hólagata, Austurgata, Egilsgata og fl.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag í Vogum, annars vegar við Leirdal, Hvammsgötu, Hvammsdal og Brekkugötu og hins vegar við Hafnargötu, Hólagötu, Austurgötu, Egilsgötu og fl.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla til um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Vogum, 14. febrúar 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

Nr. 180

27. febrúar 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Garðaskóla við Ásgarð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 15. febrúar 2001 deiliskipulag lóðar Garðaskóla við Ásgarð í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 27. febrúar 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.